



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 2/2020

Endurákvörðun rekstrargjalds 365 miðla hf. vegna rekstraráranna 2016-2018

I.

Inngangur

(1) Mál þetta varðar endurákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á rekstrargjaldi 365 miðla hf. (365), kt. 480702-2390, vegna rekstraráranna 2016-2018 (mál nr. 2019120024).

II.

Málavextir

(2) Með bréfi PricewaterhouseCoppers ehf. (PWC), dags. 5. desember 2019, barst PFS erindi þess efnis að stofnunin leiðrétti álagningu rekstrargjalds 365 vegna rekstraráranna 2016 og 2018. Fram kom að 365 hefði óskað eftir því að PWC framkvæmdi skoðun og samanburð á uppgefnum stofni til rekstrargjalds félagsins vegna tekjuáranna 2013 til 2018 og fjárhagsbókhaldi 365.

(3) Fram kom að 365 hefði á árinu 2017, vegna rekstrarársins 2016, gefið upp rekstrargjaldsstofn að fjárhæð [...] ¹ kr. en samkvæmt fjárhagsbókhaldi félagsins væri réttur gjaldsstofn fyrir umrætt ár [...] kr. Ennfremur að samkvæmt skattframtali félagsins á árinu 2019, vegna rekstrarársins 2018, hefði félagið ekki gefið upp neina veltu en samkvæmt fjárhagsbókhaldi félagsins hefði skattskyld velta átt að vera [...] kr.

III.

Rekstrargjaldsstofn

(4) Í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, er að finna ákvæði um gjaldstofn til rekstrargjalds. Þar kemur fram að fjarskiptafyrirtæki skuli árlega greiða PFS rekstrargjald sem nemur 0,38% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem þessir aðilar hafa af *fjarskiptastarfsemi* sinni hér á landi.

(5) Hugtakið *fjarskiptastarfsemi* er ekki skilgreint í fjarskiptalögum nr. 81/2003. Í 1. mgr. 1. gr. laganna segir að lögin gildi um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet.

¹ Fellt brott vegna trúnaðar. Það sama á við um hornklofa hér í framhaldinu.

Samkvæmt þessu má gagnálykta á þá leið að lögin gilda ekki um rekstrartekjur af virðisaukandi þjónustu fjarskiptafyrirtækja né um tekjur af þeirri starfsemi fjarskiptafyrirtækja sem er fjarskiptastarfsemi óviðkomandi. Í 3. gr. fjarskiptalaga er að finna orðskýringar. Hér að neðan verður gerð grein fyrir þeim orðskýringum sem hér geta skipt máli.

- *Fjarskipti* er hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.
- *Fjarskiptafyrirtæki* er sá aðili sem tilkynnt hefur PFS um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.
- *Fjarskiptaþjónusta* er þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur.
- *Fjarskiptanet* er sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennilínunum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.

(6) Af framangreindri umfjöllun má ráða að vega verður og meta hvert tilvik fyrir sig þegar úr því er skorið hvort tekjur af tiltekinni þjónustu teljast tengjast *fjarskiptastarfsemi* eða hvort um virðisaukandi þjónustu eða þjónustu óviðkomandi fjarskiptarekstri sé að ræða.

(7) Þess má geta að skilgreining rekstrargjaldsstofnsins í ofangreindri 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 er nokkuð óvenjuleg miðað við það sem við á í lögum um tekjuskatt. Við ákvörðun skattstofnsins er aðeins tekið tillit til tekna gjaldanda, þ.e. gjöld koma ekki til frádráttar við ákvörðun skattstofns. Þetta er frábrugðið ákvörðun tekjuskattstofns rekstraraðila samkvæmt tekjuskattslögum þar sem að þar er tekið tillit til gjalda þannig að skattlagning fer fram á grunni nettó tekna. Að því er varðar rekstrargjaldið þá fer skattlagning hins vegar fram á grunni brúttó tekna. Um sönnunarbyrði fyrir því hvort ákveðnir tekjuliðir falli undir rekstrargjaldsstofninn eður ei skal miða við almennar sönnunarreglur, þ.e. þeim er það stendur næst ber sönnunarbyrðina, og hafa ber hliðsjón af stjórnsýslulögum og reglum stjórnsýsluréttar.

(8) Samkvæmt öllu ofangreindu var hugsunin að baki rekstrargjaldinu að um væri að ræða einfaldan brúttóskatt með lágri skattprósentu². Vætanlega var þetta gert til að framkvæmdin yrði einföld fyrir bæði fjarskiptafyrirtækin og fámenna fagstofnun og ágreiningsmál um skattstofninn í lágmarki. Hafa verður þetta í huga við skýringu ákvæðisins.

² Þessi skilningur PFS var staðfestur í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2006 á bls. 67. Þar segir: „Gjaldið var ákveðið sem lág prósentu af bókfærðri veltu fyrirtækjanna. Má leiða líkur að því að helst hafi ráðið þeirri ákvörðun vilji til þess að innheimta á gjaldinu væri sem einföldust.“

IV. *Niðurstaða PFS*

(9) Eins og fram kom hér að framan sagði PWC að 365 hefði gefið upp rekstrargjaldsstofn á árinu 2017, vegna rekstrarársins 2016, að fjárhæð [...] kr. en samkvæmt fjárhagsbókhaldi félagsins væri réttur gjaldsstofn fyrir umrætt ár [...] kr. Þetta er rétt að öðru leyti en því að félagið gaf ekki upp ofangreinda fjárhæð heldur var um að ræða áætlun af hálfu PFS þar sem engar upplýsingar bárust frá félaginu um gjaldskylda veltu. Þar er því um að ræða oftalinn rekstrargjaldsstofn upp á [...] kr. Ennfremur að samkvæmt skattframtali félagsins á árinu 2019, vegna rekstrarársins 2018, hefði félagið ekki gefið upp neina veltu en samkvæmt fjárhagsbókhaldi félagsins hefði skattskyld velta átt að vera [...] kr. Þar er því um að ræða vantalinn rekstrargjaldsstofn upp á sömu fjárhæð.

(10) PWC óskaði hins vegar ekki eftir endurákvörðun á rekstrargjaldi 365 fyrir rekstrarárið 2017. Félagið skilaði heldur ekki neinum upplýsingum um gjaldskylda veltu fyrir það rekstrarár og því áætlaði PFS rekstrargjald á félagið að fjárhæð [...] kr. Samkvæmt fjárhagsbókhaldi hefði gjaldstofn þess árs átt að vera [...] kr. Þar er því um að ræða vantalinn rekstrargjaldsstofn upp á [...] kr.

(11) Með stoð í 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun endurákvæðar PFS hér með rekstrargjald félagsins vegna rekstraráranna 2016 og 2018 samkvæmt beiðni PWC fyrir hönd 365. Ennfremur endurákvæðar PFS rekstrargjald 365 vegna rekstrarársins 2017 í samræmi við þau gögn sem fram koma hjá endurskoðunarfyrtækinu. Með bréfi PFS til lögmanns 365, dags. 24. mars sl., boðaði stofnunin þessa ákvörðun. Með tölvupósti lögmanns félagsins til PFS, dags. 2. apríl sl., kom fram að félagið gerði ekki athugasemdir við umrædda boðun.

(12) Vegna rekstrarársins 2016 ákvarðast rekstrargjaldsstofn 365 [...] kr. í stað [...]. Þar var því um að ræða oftalinn rekstrargjaldsstofn upp á [...] kr. Rekstrargjald vegna rekstrarársins 2016 ákvarðast því [...] kr. í stað [...] og lækkar því um [...] kr. fyrir umrætt ár.

(13) Vegna rekstrarársins 2017 ákvarðast rekstrargjaldsstofn 365 [...] kr. í stað [...] kr. Þar er um að ræða vantalinn rekstrargjaldsstofn upp á [...] kr. Rekstrargjald vegna rekstrarársins 2017 ákvarðast því [...] kr. í stað [...] kr. og hækkar því um [...] kr. fyrir umrætt ár.

(14) Vegna rekstrarársins 2018 ákvarðast rekstrargjaldsstofn 365 [...] kr. í stað þess að ákvarðast [...] kr. Í stað þess að rekstrargjaldið verði ekkert fyrir umrætt rekstrarár ákvarðast það [...] kr.

(15) Samtals lækkar rekstrargjald 365 vegna rekstraráranna 2016-2018 um [...] kr.

Ákvörðunarorð

1. Rekstrargjald 365 miðla hf. vegna rekstrarársins 2016 ákvarðast [...] kr. í stað [...] kr.
2. Rekstrargjald 365 miðla hf. vegna rekstrarársins 2017 ákvarðast [...] kr. í stað [...] kr.
3. Rekstrargjald 365 miðla hf. vegna rekstrarársins 2018 ákvarðast [...] kr. í stað þess að vera ekkert.
4. Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 20. apríl 2020

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson